



Reykjavík, 4. september 2025
USK25080005

Eiríksgata 9-11 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa – Kvistir á þak


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2025 var lögð fram fyrirspurn Hönnu Bjarkar Valsdóttur, dags. 4. ágúst 2025, ásamt bréfi, dags. 4. ágúst 2025, um að setja kvisti á húsið á lóð nr. 9-11 við Eiríksgötu, samkvæmt uppdr. Arkiteo, dags. 21. maí 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 4. september 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd af lóðum



Skissa úr fyrirspurn

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrja lóðir og byggingar Eiríksgötu 9-11 borgarluta 2. Miðborg og er hluti af íbúðarsvæði ÍB12 Skólavörðuholt – Íbúðarbyggð.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag eða hverfisskipulag er í gildi fyrir lóðirnar.

Umsögn

Húsið við Eiríksgötu 9-11 stendur á tveimur lóðum og er tvílyft fjölbýlishús með kjallara og lágu risi. Húsið er byggt 1933 samkvæmt fasteignaskrá og er hannað af Arinbirni Þorkelssyni.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að bæta við kvistum á húsið á öllum hliðum hússins, alls 6 kvistum.

Í aðalskipulagi er húsið á svæði sem merkt undir flokki friðunnar „Samstæður húsa og heildir“ og hvetur aðalskipulag til þess að verndin verði betur skilgreind í framtíðar deiliskipulagsvinnu í framhaldi sem hverfisvernd.

Breytingar á útliti húsa á þessu svæði eru háðar jákvæðri umsögn frá minjastofnun vegna friðunar í aðalskipulagi. Þar sem fyrirspurnin nær til útlits að götuhlið verður þeim mun mikilvægara að fá þá umsögn.

Gott er að hafa í huga leiðbeiningar hverfisskipulags - Þakbreytingar vegna breytinga, en þær eru ágætis samantekt að viðmiðum. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á eftirfarandi slóð: <https://reykjavik.is/hverfisskipulag/leidbeiningar>
Kvistirnir í fyrirspurn eru þá að skera þá skurðpunkta þaks sem er ekki æskilegt.



Reykjavík



Niðurstaða

- Ekki er hægt að taka afstöðu til fyrirspurnar án umsagnar Minjastofnunar.
- Æskilegt er að hönnun kvista sé í samræmi við leiðbeiningar hverfisskipulags.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ágúst Skorri Sigurðsson
verkefnastjóri